

Reynir Traustason skuldar Hreini Loftssyni milljónir

Smáfuglarnir lásu frétt Viðskiptablaðsins um félög Hreins Loftssonar af athygli í morgun. Þar kemur fram að gríðarlegt tap hafi verið á félögum í eigu hæstaréttarlögmansins og fyrrverandi stjórnarformanns Baugs Group, sem nú er gjaldþrota. Hreinn er eigandi DV og nokkurra tímarita en samkvæmt frétt Viðskiptablaðsins uppsker sá góði maður ekki eins og til er ætlast í rekstri. Milljarður í tap segir Viðskiptablaðið.

Það sem vakti sérstaka athygli smáfuglanna er að félag Hreins Loftssonar hafi veitt lán til RT og ER. Viðskiptablaðið segir að þessar skammstafanir séu ekki útskýrðar í ársreikningum. Hér fer Viðskiptablaðið eins og köttur í kringum heitan graut. Svo vill til að smáfuglarnir hafa ársreikninga félaga Hreins Loftssonar undir höndum og hafa raunar vitnað í þá áður.

Augljóst er að RT er Reynir Traustason ritstjóri DV en samkvæmt reikningum skuldar hann Hreini fimm milljónir króna. Það getur verið skynsamlegt af útgefanda að gera ritstjóra fjárhagslega háðan en það er jafn óskynsamlegt af ritstjóra að eiga fjárhagslega eitthvað undir einhverjum. Vegna þessa telja smáfuglarnir nauðsynlegt að skoða skrif Reynis. Skuldastaða RT skýrir afhverju ritstjórinn er tilbúinn til að gangast í lagalega ábyrgð þegar útgefandinn vill koma höggi á einstaklinga með skrifum undir „hatti“ Sandkorns.

ER er auðvitað Elín Ragnarsdóttir sem var framkvæmdastjóri Birtings og að líkindum er skuld hennar tilkomin vegna hlutabréfakaupa sem ætlað var að gefa til kynna að eignarhald á útgáfufélagi Hreins Loftssonar væri breiðara en raunverulega. Elín hætti sem framkvæmdastjóri í september sl. þegar Sverrir Arngrímsson tók við starfinu en hann er gamall trúnaðarmaður Hreins. Um leið lét Ásmundur Helgason, eiginmaður Elínar, af störfum sem markaðs- og sölustjóri Birtings, útgáfufélags DV og nokkurra tímarita Hreins.

Skuld Elínar hefur örugglega verið gerð upp og hlutabréf hennar keypt. Eftir stendur skuld Reynis Traustasonar.

Smáfuglarnir telja rétt að Reynir Traustason geri opinberlega grein fyrir því hvort og þá hversu mikið hann skuldar Hreini Loftssyni. Ekki væri verra að hann tæki fram á hvaða kjörum lánið frá Hreini er (eða var), vextir, verðbætur og fleira. Ekki getur verið um vaxtalaust lán að ræða enda væri um skattskyld hlunnindi að ræða.